

140. löggjafarþing 2011–2012.  
Þingskjal 1651 — 716. mál.  
3. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála, lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar, úthlutun úr þrotabúi).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar  
(EyH, SII, JRG, LGeir, ÞBack, MT).

1. 8. gr. falli brott.
2. 11. gr. falli brott.
3. 12. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 7. gr. gildi 15. júlí 2012.

### Greinargerð.

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar eftir 2. umræðu komu fram athugasemdir frá réttarfarsnefnd. Var mat hennar að þær breytingar sem gerðar voru á málinu við 2. umræðu (þskj. 1589) skapi óvissu og þurfi nánari skoðunar við. Af þeim sökum er lagt til að 8. og 11. gr. frumvarpsins verði felldar brott. Þá hefur komið í ljós að mistök urðu við breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins og á gildistökuákvæðingunni 15. júlí 2012 aðeins við um 7. gr. frumvarpsins, aðrar greinar taka þegar gildi.